



Yfirlit yfir áliðnað á Íslandi

Á þessu ári eru 40 ár síðan framleiðsla á áli hófst á Íslandi. Á árunum 1973-1995 var árlegur útflutningur rétt undir 100.000 tonnum. Árleg framleiðslugeta áliðnaðarins á Íslandi er nú um 800.000 tonn en til samanburðar eru árlega framleiddar um 40 milljónir tonna af áli í heiminum. Árið 2020 er talið að þörfin verði komin í 60 milljónir tonna.

Fyrirtækin í áliðnaði á Íslandi

- ✓ Alcan á Íslandi hefur starfrækt álver í Straumsvík síðan 1969 og er framleiðslugeta þess nú 188.000 tonn. Fyrirtækið fyrirhugar um 40.000 tonna framleiðsluaukningu með straumhækkun.
- ✓ Norðurál rekur 260.000 tonna álver á Grundartanga. Framleiðsla þar hófst árið 1997. Fyrirtækið hefur hafið byggingu á álveri í Helguvík þar sem byggðir verða fjórir 90.000 tonna áfangar.
- ✓ Alcoa Fjarðaál starfrækir 346.000 tonna álver í Reyðarfirði. Fyrirtækið hefur unnið að könnun á hagkvæmni þess að byggja 250.000-346.000 tonna álver á Bakka.

Ýmsar staðreyndir um áliðnað á Íslandi

- ✓ Frá árinu 1969, þegar framleiðsla áls hófst á Íslandi, hefur hlutur áls í vöruútflutningi tæplega fimmfaldast en hlutur sjávarútvegs nær helmingast. Vægi þjónustu af heildarútflutningi hefur haldist að mestu óbreytt og er um þriðjungur.
- ✓ Aukið vægi álútflutnings á liðnum árum hefur aukið stöðugleika í efnahagslífinu. Hagkerfið hvílir nú á fleiri stöðum útflutnings en áður. Áliðnaðurinn hefur þannig sveiflujafnandi áhrif á útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Þetta kemur skýrt fram í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.¹
- ✓ Árið 2008 námu tekjur af útflutningi áls 182 milljörðum króna. Fyrstu tíu mánuði þessa árs hafa tekjur numið 118 milljörðum króna. Horfur eru á verðmæti aukist talsvert á árinu 2010 m.v. árið á undan.
- ✓ Árið 2008 skilaði áliðnaðurinn ríflega 40% af vöruútflutningstekjum og um 29% af heildarútflutningstekjum.
- ✓ Til að flytja út 760.700 tonn af áli árið 2008 fyrir 182 milljarða króna þurfti að flytja inn 1,5 milljónir tonna af súráli. Verðmæti þess var um 55 milljarðar.
- ✓ Hjá fyrirtækjum í greininni starfa um 1.500 manns. Samkvæmt mati Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands má gera ráð fyrir að starfamargfaldari áliðnaðarins sé 1,4. Þannig hafi 3.400 manns framfæri sitt af álframleiðslu með beinum hætti.
- ✓ Að mati Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands má ætla að kaup álveranna þriggja á innlendri vöru og þjónustu árið 2008 hafi numið 25 milljörðum króna. Auk þess voru innendar launagreiðslur um 10 milljarðar króna og opinber gjöld til ríkis og sveitarfélaga um 2,5 milljarðar.

¹ Áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf. Skýrsla unnin fyrir iðnaðarráðuneytið og gefin út í júlí 2009.



- ✓ Störf í álverum á Íslandi eru að jafnaði betur borguð en önnur störf. Að meðaltali voru regluleg laun starfsfólks í álverum 331 þúsund á mánuði árið 2008 og heildarlaun 409 þúsund. Til samanburðar eru regluleg laun verkafólks 226 þúsund og heildarlaun 339 þúsund samkvæmt gögnum frá Hagstofunni. Á bakvið heildarlaun verkafólks voru 49,3 vinnustundir á viku en 41,3 í álverum.
- ✓ Hluttur áliðnaðarins í verðmætasköpun þjóðarbúsins árið 2008 er líklega um 2%. Þá er ótalinn sá virðisauki sem verður til við orkuframleiðslu og flutning raforku vegna áliðnaðar. Gróflega áætlað er sá virðisauki sambærilegur og vegna áliðnaðar.
- ✓ Áliðnaðurinn kaupir um 75% af þeirri raforku sem framleidd er í landinu. Með því að framleiða ál gefst Íslendingum í raun kostur á að flytja út umhverfisvæna orku.
- ✓ Stærra raforkukerfi með meiri sölu til orkufreks iðnaðar hefur leitt til lækkunar á raforku á almenna innlenda markaðinum. Raforkuverð til heimila hefur að jafnaði lækkað um 30% frá árinu 1997, sem að stórum hluta má skýra með auknu umframafli frá orkufrekum iðnaði sem sinnir afltoppum á almenna markaðnum samkvæmt nýrri skýrslu AtvinnuLífsinsSkóla um raforkuverð á Íslandi á árunum 1997 – 2008.
- ✓ Um 80% allrar orku sem notuð er á Íslandi er endurnýjanleg. Evrópusambandið stefnir að því að ná sínu hlutfalli í 20% fyrir árið 2020.
- ✓ Áliðnaður á Íslandi er í fremstu röð í heiminum hvað umhverfismál varðar. Meðalútstreymi af CO₂-ígildum í heiminum er um 14 tonn á hvert framleitt tonn af áli þegar útstreymi vegna raforkuframleiðslu er tekinn með. Á Íslandi er þetta hlutfall 1,64 samkvæmt nýrri skýrslu gefinni út af umhverfisráðuneytinu². Hlutfallið er að mati skýrsluhöfunda talið vera nálægt tæknilegu lágmarki. Þetta skýrist fyrst og fremst af metnaði álfyrirtækja á Íslandi í umhverfismálum.
- ✓ Frá árinu 1990-2007 minnkaði útblástur gróðurhúsalofttegunda frá álverinu í Straumsvík um 50%. Á sama tíma jókst framleiðslan um 100%. Útstreymið á hvert framleitt tonn minnkaði því um 75%.
- ✓ Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er lagt mat á þjóðhagslegan kostnað og ábata af framkvæmdum í Helguvík og framleiðsluaukningu álversins í Straumsvík. Niðurstaðan er skýr: „Miðað við núverandi ástand í íslenska hagkerfinu má ætla að hreinn þjóðhagslegur ábati gæti numið 95 milljörðum króna á núvirði miðað við 5% ávöxtunarkröfu.“

Samtök iðnaðarins

nóvember 2009

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Már Gylfason í síma 824-6120 eða á bjarni@si.is

² Möguleikar til að draga úr nettóútsteymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Gefið út af Umhverfisráðuneytinu 2009.